

Fundargerð Minjaráðs Norðurlands eystra 27. apríl 2023 kl. 13:00-15:00 í Laufási.

Viðstaddir: Guðmundur Ögmundsson, Haraldur Þór Egilsson, Soffía Gísladóttir, Halldóra Gunnarsdóttir, Ómar Valur Jónasson og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Helstu fréttir frá minjasvæðinu.

Sædís Gunnarsdóttir bauð Soffíu Gísladóttur nýjan fulltrúa SSNE velkomna á fundinn.

- Skipunartími fulltrúa Safnaráðs og Minjastofnunar í minjaráðinu er liðinn. Rætt við þá fulltrúa Minjastofnunar sem mættu á fundinn um hvort þau hafi áhuga á að sitja áfram. Minjastofnun mun hafa samband við Safnaráð og óska eftir tilnefningum.
- Ár frá síðasta fundi, farið yfir helstu fréttir af minjasvæðinu.

2. Nýtt ráðuneyti, nýr forstöðumaður og sameining stofnanna

Minjavörður kynnr stuttlega stöðu málsins.

- Minjastofnun var færð í Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið eftir síðustu kosningar
- Rætt um sameiningar en samkvæmt áætlun fer Minjastofnun í Náttúru- og Minjastofnun (vinnuheiti)
- Nýr forstöðumaður Minjastofnunar tekur við 1 maí, Rúnar Leifsson, fyrrum minjavörður á svæðinu.

3. Staðan á svæðinu.

Almenn umræða um stöðu minja og minjavörslu á NA landi

- Almennt er staðan góð
- Rætt örstutt Hofstaði, leigu stofnunarinnar á húsnæðinu og stöðu friðlýsingar
- Stærstu styrkverkefni húsafriðunar á svæðinu eru Húsavíkirkirkja og Grænavatn
- Stærstu rannsóknir á svæðinu í sumar Tvídæla og seljaverkefni í Svarfaðardal og Hörgárdal sem og áframhaldandi rannsókn í Hrísey
- Skráning í Náttfaravíkum í sumar

4. Umsjón og miðlun fornleifaskráningar

Ómar Valur, starfsmaður Minjastofnunar á NA landi kynnti vefsíðu Minjastofnunar og helstu nýjungar.

5. Minjastaðurinn Laufás

Haraldur Þór Egilsson safnstjóri kynnti starfsemina í Laufási og sýndi minjaráðsfulltrúum gamla bæinn.

Fundi slitið 15:00

Fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir